

Gos í Eyjafjallajökli - staða 10. júní 2010 kl. 15:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Sigurlaugu Hjaltadóttur, Sigrúnu Hreinsdóttur, Hrafni Guðmundssyni .

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, vefmyndavélum, eldingamæligögnum.

Gosmökkur:

Hæð: Engar upplýsingar (hvorki frá flugi né veðurratsjá)

Stefna: Á svæðinu er SV-átt og snýst til NV-áttar með kvöldinu.

Litur: Hvítur gufumökkur þegar sást vel til hans síðast (7. og 8. júní).

Gjóskufall: Engar upplýsingar.

Eldingar: Engar á mælaneti bresku veðurstofunnar en 32 eldingar mældust seinni hluta mánudags (7. júní) á New Mexico netinu.

Drunur: Engar upplýsingar.

Bræðsluvatn: Lítið vatnsrennsli frá Gígjökli.

Aðstæður á gosstað: Ekkert hefur sést til gosstöðvanna í dag. Hvítur gufubólstur sást þó vel á vefmyndavél frá Þórólfsfelli að kvöldi mánudags, 7. júní.

Órói: Hækkaði á miðtíðnibandi (1-2 Hz) að kvöldi mánudags. Síðan tíðindalítið. Hækkun á lægstu tíðnum (aðallega á 0,5 -1 Hz) í dag er líklega vegna veðurs.

Jarðskjálftar: Af og til mælast stöku litlir skjálftar undir/við toppgíginn, yfirleitt grunnir.

GPS-aflögun: Litlar en áframhaldandi færslur inn að eldstöðinni.

Heildarmat: Á mánudgaskvöld hækkaði órói lítillega aftur, en nær eingöngu á miðtíðnibandi. Þá sást einnig hærri gufubólstur á vefmyndavél Mílu á Þórólfsfelli. Bólsturinn var hvítur og líklega lítið eða ekkert um ösku í honum. Síðan hefur verið tíðindalítið á gosstöðvunum. Haldið verður áfram að fylgjast grannt með eldstöðinni.